



Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10,
150 Reykjavík

Reykjavík, 26. janúar 2016

Efni: Upplýsingar varðandi sölu Landsbankans á eignarhlut sínum í Borgun

Að undanfögnu hafa verið umræður í fjölmiðlum um sölu Landsbankans hf. á eignarhlut sínum í Borgun hf. í nóvember 2014. Af því tilefni vill Landsbankinn koma á framfæri við nefndasvið Alþingis upplýsingum og skýringum varðandi umrædda sölu.

Upplýsingarnar er í formi samantektar sem er viðhengi með bréfi þessu. Óskað er eftir að nefndasvið geri upplýsingar þessar aðgengilegar fyrir nefndir þingsins og alþingismenn.

Landsbankinn er reiðubúinn til að veita nefndum Alþingis nánari útskýringar varðandi ofangreinda sölu verði þess óskað.

Virðingarfyllst,

Steinþór Pálsson,
Bankastjóri

Viðfest: Samantekt vegna umræðu um sölu Landsbankans á eignarhlut sínum í Borgun.

Samantekt

**vegna umræðu um sölu Landsbankans á
eignarhlut sínum í Borgun**

Landsbankinn hf.

Reykjavík, 26. janúar 2016



Efnisyfirlit

1.	INNGANGUR	3
2.	ÚTDRÁTTUR	3
3.	UPPLÝSINGAGJÖF LANDSBANKANS	4
4.	EFNISATRIÐI	5
4.1.	Valrétturinn vegna yfirtöku Visa Inc. á Visa Europe	5
4.2.	Upplýsingar um valréttinn áður en salan á Borgun fór fram	5
4.3.	Upplýsingar um valréttinn komu ekki fram í tengslum við önnur viðskipti við Borgun...	5
4.4.	Verð fyrir hlutinn í Borgun	6
4.5.	Áform Borgunar um að auka viðskipti sín erlendis	7
4.6.	Upplýsingar um fjárhæðir og tímasetningar væntanlegra greiðslna á grundvelli valréttar...	7
4.7.	Upplýsingar frá Visa Europe vegna valréttarins	8
4.8.	Fyrirvari vegna viðbótargreiðslu vegna yfirtöku Visa Inc. á Visa Europe við sölu á Valitor	8
4.9.	Þróun á eignarhlut í Borgun á undanförunum árum	8
4.10.	Ákvörðun um söluferli	9
4.11.	Ástæðan fyrir sölu á hlutum í Borgun og Valitor	10
4.12.	Stefnu bankans um sölu eigna hefur verið breytt	11
4.13.	Athugun stjórnvalda á stefnu Landsbankans	11
4.14.	Upplýsingagjöf til FME	12
4.15.	Kaupendur að 31,2% hlut Landsbankans í Borgun	12
4.16.	Sala á 0,41% hlut í Borgun á árinu 2015	13
4.17.	Kaupandi að 38% hlut í Valitor	13
5.	TÍMALÍNA Í VIÐSKIPTUM MEÐ BORGUN OG VALITOR	14



Samantekt vegna umræðu um sölu Landsbankans á eignarhlut sínum í Borgun

1. Inngangur

Að undanfögnu hafa verið umræður í fjölmiðlum um sölu Landsbankans hf. á eignarhlut sínum í Borgun hf. í nóvember 2014. Markmið samantektar þessarar er að koma á framfæri upplýsingum og skýringum varðandi umrædda sölu.

2. Útdráttur

Helstu niðurstöður samantektarinnar eru eftirfarandi:

- 2.1. Mikið hefur verið fjallað um að valréttur vegna yfirtöku Visa Inc. og Visa Europe muni skila Borgun verulegum fjárhæðum og að Landsbankinn hafi orðið af fjármunum vegna þessa. Landsbankinn hafði ekki upplýsingar um umræddur valréttur myndi leiða til greiðslna til Borgunar. Slíkar upplýsingar höfðu heldur ekki komið fram í tengslum við önnur viðskipti með hluti í Borgun á undanfögnu árum.
- 2.2. Landsbankinn var í viðræðum um sölu á eignarhlutum sínum í Valitor og Borgun á svipuðu tímabili á árinu 2014, þótt viðskiptunum með hluti í Borgun hafi lokið fyrr.
- 2.3. Í viðræðum Landsbankans við meirihlutaeiganda Valitor, Arion banka, lágu fyrir upplýsingar um réttindi Valitor í tengslum við valréttinn, þótt útilokað hafi verið að leggja áreiðanlegt mat á verðmætin á þeim tímapunkti.
- 2.4. Borgun gerir upp samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) og ber því að færa slík réttindi á gangvirði á hverjum tíma. Það að Borgun hafi ekki metið slík réttindi til eignar og/eða gert grein fyrir þeim í sínum ársreikningum eða í upplýsingagjöf til Landsbankans, bendir til þess að Borgun hafi á þeim tíma ekki átt tilkall til réttindanna, þau hafi ekki verið til staðar eða þau væru það óljós að ekki væri hægt að reikna þau til verðmætis.

Í viðræðum við stjórnendur Borgunar komu heldur ekki fram neinar upplýsingar um að Borgun hefði rétt á hlutdeild í verðmætum valréttarins, hvað þá að vegna hans hefðu skapast verðmæti hjá Borgun. Landsbankinn hefur enga ástæðu til að ætla að stjórnendur Borgunar hafi verið meðvitaðir um tilvist slíkra réttinda.
- 2.5. Landsbankanum var kunnugt um að Borgun hugðist auka verulega færsluhirðingu fyrir seljendur í erlendum netviðskiptum. Að mati bankans fylgdi þeirri starfsemi veruleg áhætta og líkur voru taldar á að hún gæti leitt til tjóns hjá félaginu og skaðað orðspor Landsbankans. Bankinn byggði þetta mat sitt m.a. á fyrri útrásarsögu íslenskra kortafyrirtækja.
- 2.6. Samkvæmt upplýsingum Landsbankans margfölduðust erlend Visa-umsvif Borgunar á árinu 2015 miðað við það sem áður var. Langstærstur hluti fjárhæðarinnar sem Borgun á von á mun vera vegna viðskipta sem urðu eftir að Landsbankinn seldi hlut sinn í félaginu.



- 2.7. Íslandsbanki keypti undir árslok 2011 fjármálafyrirtækið Byr hf. af slitastjórn Byrs sparisjóðs. Um 20% hlutur í Borgun fylgdi með í kaupunum. Seljendur Byrs voru annars vegar slitastjórnin með um 88% hlut og hins vegar ríkissjóður með um 12% hlut, en ríkissjóður hafði lagt til fjármuni við stofnun Byrs. Meðal kröfuhafa sem áttu mikilla hagsmuna að gæta voru lífeyrissjóðir. Óháð fjármálafyrirtæki var til ráðgjafar í söluférlínu. Landsbankinn gerði einnig tilboð í Byr. Engar upplýsingar komu þá fram um að Borgun gæti átt rétt á greiðslum vegna samruna Visa Inc. og Visa Europe.
- 2.8. Fleiri viðskipti áttu sér stað með hluti í Borgun á árunum 2009-2014 en Landsbankinn veit ekki til þess að fyrirvarar um greiðslur vegna samruna Visa Inc. og Visa Europe hafi verið gerðir í þeim viðskiptum, enda lágu ekki fyrir upplýsingar um þessi verðmæti.
- 2.9. Við sölu lá ekki fyrir að hvaða marki áformin um aukin erlend viðskipti yrðu í samstarfi við Visa, Mastercard eða aðrar kortasamstæður.

3. Upplýsingagjöf Landsbankans

Landsbankinn hefur birt ítarlegar upplýsingar um málið á vef sínum. Einnig hefur bankastjóri Landsbankans veitt fjölda viðtala í fjölmiðlum um málið. Þá hefur Landsbankinn opnað upplýsingasíðu um málið á vef sínum þar sem helstu spurningum um það er svarað. Jafnframt er vísað til þeirra upplýsinga en þær má nálgast á meðfylgjandi vefslóð:

<https://www.landsbankinn.is/um-bankann/spurtogsvarad/borgun/>



4. Efnisatriði

4.1. Valrétturinn vegna yfirtöku Visa Inc. á Visa Europe

Landsbankanum var ekki kunnugt um að Borgun fengi greiðslur vegna valréttar í tengslum við samruna Visa Inc. og Visa Europe þegar Landsbankinn seldi hlut sinn í Borgun.

Landsbankinn var í viðræðum um sölu á eignarhlutum sínum í Valitor og Borgun á svipuðu tímabili á árinu 2014, þótt viðskiptunum með hluti í Borgun hafi lokið fyrr.

Í viðræðum Landsbankans við meirihlutaeiganda Valitor, Arion banka, lágu fyrir upplýsingar um réttindi Valitor í tengslum við valréttinn, þótt útilokað hafi verið að leggja áreiðanlegt mat á verðmætin á þeim tímapunkti.

Borgun gerir upp samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS) og ber því að færa slík réttindi á gangvirði á hverjum tíma. Það að Borgun hafi ekki metið slík réttindi til eignar og/eða gert grein fyrir þeim í sínum ársreikningum eða í upplýsingagjöf til Landsbankans, bendir til þess að Borgun hafi á þeim tíma ekki átt tilkall til réttindanna, þau hafi ekki verið til staðar eða þau væru það óljós að ekki væri hægt að reikna þau til verðmætis.

Stjórnendahópurinn sem var í viðræðum við Landsbankann hafði fengið leyfi stjórnar til að gefa upplýsingar um rekstur félagsins. Í viðræðunum við stjórnendur komu ekki fram neinar upplýsingar um að Borgun hefði rétt til hlutdeildar í verðmætum valréttarins, hvað þá að vegna hans hefðu skapast verðmæti hjá Borgun.

Landsbankinn hefur enga ástæðu til að ætla að stjórnendur Borgunar hafi verið meðvitaðir um tilvist slíkra réttinda.

Samkvæmt upplýsingum Landsbankans margfölduðust erlend Visa-umsvif Borgunar á árinu 2015 miðað við það sem áður var. Langstærstur hluti fjárhæðarinnar sem Borgun fær muni vera vegna viðskipta sem urðu eftir að Landsbankinn seldi hlut sinn í félaginu í nóvember 2014.

4.2. Upplýsingar um valréttinn áður en salan á Borgun fór fram

Upplýsingar um að Borgun fengi greiðslur vegna valréttarins lágu ekki fyrir. Í fyrri viðskiptum með hluti í Borgun á árunum 2010-2011 kom ekkert fram um slíkar greiðslur.

Valrétturinn er frá árinu 2007. Frá 2007 og fram til dagsins í dag hefur útgáfa Landsbankans á Visa-kortum verið í samvinnu við Valitor (áður Visa-Ísland). Landsbankinn leit svo á að þannig hefði hann skapað sér rétt til greiðslna, kæmi til yfirtöku Visa Inc. á Visa Europe. Þessir hagsmunir voru því tryggðir þegar Landsbankinn seldi hlut sinn í Valitor til Arion banka árið 2014.

4.3. Upplýsingar um valréttinn komu ekki fram í tengslum við önnur viðskipti við Borgun á árunum 2010-2011

Fram hefur komið að upphaflega var samið um valréttinn milli Visa Inc. og Visa Europe árið 2007. Við sölu á eignarhlut Landsbankans í Borgun komu ekki fram neinar upplýsingar um að Borgun



hefði rétt á hlutdeild í verðmætum og slíkt hafði ekki komið til álita við önnur viðskipti með hluti í Borgun á árunum 2010-2011, eftir því sem Landsbankinn best veit.

Árið 2010 sóttist Íslandsbanki eftir því að eignast félagið Kreditkort hf. að fullu en Landsbankinn átti hluti í félaginu. Úr varð að Íslandsbanki tók félagið yfir. Landsbankinn seldi Íslandsbanka hluti sína í Kreditkortum gegn greiðslu með hlutum í Borgun. Ekkert kom þá fram um að Borgun ætti, eða gæti átt, rétt á greiðslum vegna samruna Visa Inc. og Visa Europe og enginn fyrirvari var gerður um slíkt.

Í mars 2011 eignaðist Landsbankinn 4,2% hlut í Borgun með yfirtökunni á SpKef. Engir fyrirvarar voru settir um mögulegar greiðslur vegna hugsanlegrar yfirtöku Visa Inc. á Visa Europe. Landsbankinn keypti hlutinn á 70 milljónir. Í nóvember 2014 seldi Landsbankinn þennan hlut á um 290 milljónir.

Íslandsbanki keypti undir árslok 2011 fjármálafyrirtækið Byr hf. af slitastjórn Byrs sparisjóðs. Um 20% hlutur í Borgun fylgdi með í kaupunum. Seljendur Byrs voru annars vegar slitastjórnin með um 88% hlut og hins vegar ríkissjóður með um 12% hlut, en ríkissjóður hafði lagt til fjármuni við stofnun BYR. Meðal kröfuhafa sem áttu mikilla hagsmuna að gæta voru lífeyrissjóðir. Óháð fjármálafyrirtæki var til ráðgjafar í sölufurlinu. Landsbankinn gerði einnig tilboð í Byr. Engar upplýsingar komu þá fram um að Borgun gæti átt rétt á greiðslum vegna samruna Visa Inc. og Visa Europe.

Fleiri viðskipti áttu sér stað með hluti í Borgun á árunum 2009-2014 en Landsbankinn veit ekki til þess að fyrirvari um greiðslur vegna samruna Visa Inc. og Visa Europe hafi verið gerður í þeim viðskiptum.

4.4. Verð fyrir hlutinn í Borgun

Landsbankinn telur að gott verð hafi fengist fyrir hlut bankans í Borgun, eða 2,2 milljarðar fyrir 31,2% hlut. Söluverðið var 88% hærra en eigið fé Borgunar og eiginfjármargfaldarinn er því 1,88 sem telst hátt fyrir fjármálafyrirtæki. Árið 2010 seldi Landsbankinn Íslandsbanka hluti í Kreditkortum og keypti á móti af Íslandsbanka hluti í Borgun á mun lægra verði en í viðskiptunum 2014. Hlutirnir í Borgun sem keyptir voru með SpKef voru jafnframt á mun lægra verði eins og fjallað var um hér að framan. Landsbankinn seldi 38% hlut sinn í Valitor fyrir 3,6 milljarða. Í því tilviki var eiginfjármargfaldarinn 1,18. Það hafði áhrif á söluverðið að í tilviki Valitor taldi Landsbankinn forsendur til að semja um viðbótargreiðslu kæmi til greiðslna vegna yfirtöku Visa Inc. á Visa Europe.

Hvað varðar greiðsluna sem gert er ráð fyrir að Borgun muni fá vegna yfirtöku á Visa Europe þá hefur Landsbankinn fengið þær upplýsingar frá Borgun að greiðslan sé fyrst og fremst vegna erlendra Visa-umsvifa Borgunar eftir að Landsbankinn seldi hlut sinn.

Spyrja má hvort Landsbankinn hafi selt á röngum tíma. Í ljósi þess að Borgun á nú von á hárrí viðbótargreiðslu vegna Visa Europe má halda því fram að betra hefði verið að bíða með að selja. Öllum hlutabréfaviðskiptum fylgir á hinn bóginn áhætta og það getur verið erfitt að hitta á rétta tímann til að selja eða kaupa. Það má t.d. benda á að mörg félög í íslensku kauphöllinni hafa hækkað um meira en 50% á rúmlega ári en það var erfitt að sjá fyrir að það myndi gerast.



4.5. Áform Borgunar um að auka viðskipti sín erlendis

Landsbankanum var kunnugt um að Borgun hugðist auka verulega færsluhirðingu fyrir seljendur í erlendum netviðskiptum. Að mati bankans fylgdi þeirri starfsemi veruleg áhætta og líkur voru taldar á að hún gæti leitt til tjóns hjá félaginu og skaðað orðspor Landsbankans. Bankinn byggði þetta mat sitt m.a. á fyrri útrásarsögu íslenskra kortafyrirtækja.

Í tengslum við viðskiptin fékk Landsbankinn aðgang að upplýsingum um rekstur Borgunar á grundvelli trúnaðaryfirlýsingar. Upplýsingarnar sem bankinn fékk voru þó takmarkaðar af samkeppnissjónarmiðum, meðal annars varðandi umfang viðskipta við viðskiptavinum og samstarfsaðila Borgunar.

Við söluna lá ekki fyrir að hvaða marki áformin um aukin erlend viðskipti yrðu í samstarfi við Visa, Mastercard eða aðrar kortasamstæður.

4.6. Upplýsingar um fjárhæðir og tímasetningar væntanlegra greiðslna á grundvelli valréttar í tengslum við samruna Visa Inc. og Visa Europe.

Upplýsingar um fjárhæðir og tímasetningu væntanlegra greiðslna á grundvelli valréttarins til einstakra fjármálafyrirtækja höfðu ekki verið birtar opinberlega.

Gera má ráð fyrir að nýting valréttarins muni hafa veruleg áhrif á fjárhagsstöðu og rekstrarafkomu fjármálafyrirtækja víða um heim, m.a. hér á landi. Mörg þessara fjármálafyrirtækja eru skráð í kauphöll og/eða gera upp samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum. Þeim ber að fylgja ströngum reglum um opinbera birtingu allra upplýsinga sem eru til þess fallnar að hafa marktæk áhrif á verðmæti skráðra verðbréfa sem þau hafa gefið út. Nægjanlega tilgreindar, skýrar og nákvæmar upplýsingar um fjárhæðir og tímasetningu væntanlegra greiðslna á grundvelli valréttarins til einstakra fjármálafyrirtækja eru þess eðlis að hafa slík marktæk verðmótandi áhrif og því líklegt að þær falli undir upplýsinga- og birtingarskyldu.

Landsbankanum er ekki kunnugt um að slíkar upplýsingar hafi verið birtar opinberlega eða að þær komi fram í ársreikningum fyrrnefndra fyrirtækja.

Samið var um Visa-valréttinn árið 2007. Valrétturinn var ótímabundinn og það var því óvíst hvort og hvenær hann yrði nýttur og um hversu háar fjárhæðir væri um að ræða. Greiðslurnar í tengslum við valréttinn áttu að byggjast á viðskiptum sem kortafyrirtæki og bankar höfðu átt við Visa Europe og myndu eiga. Landsbankinn hafði fyrst og fremst gefið út Visa-kort og notað til þess þjónustu Valitor (áður Visa Ísland). Landsbankinn hafði því mikilla hagsmuna að gæta varðandi Valitor og samdi um þau í tengslum við kaup Arion banka á Valitor í desember 2014.

Fjallað hafði verið um mögulega skuldbindingu Visa Inc. vegna valréttarins í áhættukafli í ársreikningum félagsins. Í ársreikningi sem var birtur 2013 var talað um nokkra milljarða Bandaríkjadala (e. several billion). Í ársreikningi fyrir fjárhagsárið sem lauk 30. september 2014 og var birtur 21. nóvember 2014 var tilgreint að upphæðin gæti líklega orðið yfir 10 milljarðar dala. Undir lok árs 2015 var upplýst að upphæðin yrði 21,2 milljarðar Bandaríkjadala. Í ársreikningunum var ekki að finna vísbendingu um hvort, hvenær og hvernig valrétturinn myndi hafa áhrif á einstök fyrirtæki sem voru í samstarfi við Visa Europe.

Það er fyrst um þessar mundir að skýrast hvað hvert fjármálafyrirtæki fær í sinn hlut.



Rétt að ítreka að upplýsingar í ársreikningnum Visa Inc. breyttu ekki þeirri staðreynd að Landsbankinn hafði ekki upplýsingar um að Borgun ætti rétt á greiðslum vegna valréttarins, eins og nánar er fjallað um hér að framan.

4.7. Upplýsingar frá Visa Europe vegna valréttarins

Samkvæmt upplýsingum um valréttarsamninginn milli Visa Europe og Visa Inc. frá 2007 fól samningurinn í sér ramma um hvernig möguleg yfirtaka Visa Inc. á Visa Europe gæti orðið, en gert var ráð fyrir endanlegu samkomulagi milli aðila um ýmis skilyrði valréttarins. Í raun var þó algjör óvissa um hvort af því yrði eða hvenær, og hvernig samningur yrði útfærður og hvaða áhrif valrétturinn myndi hafa fyrir einstök fjármálafyrirtæki sem voru í viðskiptum við Visa Europe. Jafnframt var upplýst að valrétturinn frá 2007 væri þannig byggður upp að áður en hann yrði virkjaður þyrftu að fara fram viðræður þar sem samið yrði um niðurstöðu í málinu. Slík niðurstaða lá fyrir undir lok árs 2015, um einu ári eftir að Landsbankinn seldi hlut sinn í Borgun. Gert er ráð fyrir að á næstu vikum skýrist hvað einstök félög fá í sinn hlut.

4.8. Fyrirvari vegna viðbótargreiðslu vegna yfirtöku Visa Inc. á Visa Europe við sölu á Valitor

Þegar Landsbankinn samdi um sölu á hlutum í Borgun var litið til viðskiptasögu bankans við Borgun. Sú þjónusta sem bankinn hafði keypt af Borgun tengdist Mastercard-kortum en ekki Visa-kortaviðskiptum. Landsbankinn hafði keypt þjónustu af Valitor vegna útgáfu Visa-korta. Samkvæmt þeim upplýsingum sem bankinn hefur frá Borgun er sú greiðsla sem Borgun á von á vegna valréttarins að mestu leyti vegna umsvifa Borgunar erlendis eftir að Landsbankinn seldi hlut sinn í fyrirtækinu.

Ólíkt viðskiptasamband Landsbankans við Valitor, annars vegar, og Borgun, hins vegar, gerði það að verkum að ekki var talin vera ástæða og/eða grundvöllur til samninga um viðbótargreiðslu kaupverðs í tengslum við sölu Landsbankans á hlutabréfum í Borgun. Varðandi ávinning vegna Visa-kortaviðskipta Landsbankans í tengslum við kaup Visa Inc. á Visa Europe, þá eru hagsmunir bankans tryggðir í gegnum sölu Landsbankans á hlutum í Valitor til Arion banka.

4.9. Þróun á eignarhlut í Borgun á undanförunum árum

Í árslok 2009 voru stærstu hluthafar Borgunar eftirfarandi:

- Íslandsbanki 55%.
- Landsbankinn 20%.
- BYR sparisjóður 16%.
- Aðrir hluthafar áttu minni hlut. Það voru fyrst og fremst sparisjóðir.

Landsbankinn keypti hluti í Borgun af Íslandsbanka haustið 2010 þegar Íslandsbanki og Landsbankinn skiptu á hlutabréfum í Kreditkortum og Borgun. Íslandsbanki vildi eignast Kreditkort að fullu og var félagið sameinað Íslandsbanka í kjölfarið. Þessi sömu viðskipti áttu sér stað við aðra hluthafa Kreditkorta, sem voru aðallega sparisjóðir, m.a. Sparisjóður Keflavíkur.

Landsbankinn skipti á 20% hlut í Kreditkortum fyrir 7% hlut í Borgun og var mat Landsbankans á hlutabréfum í Borgun í þessum viðskiptum nálægt eigin fé Borgunar. Þegar Landsbankinn seldi hlut sinn í Borgun 2014 var miðað við mun hærra verð.

Þegar SpKef rann inn í Landsbankann vorið 2011 fylgdu hlutabréf í Borgun með.



Byr var seldur árið 2011. Byr átti þá um 20% eignarhlut í Borgun. Landsbankinn tók þátt í söluferlinu en engar upplýsingar um valréttarmöguleika Borgunar var að finna í því söluferli. Niðurstaðan var að Byr var seldur til Íslandsbanka og við það komst Íslandsbanki aftur í meirihluta í Borgun. Í árslok 2011 var Íslandsbanki kominn með 61% hlut í Borgun og Landsbankinn átti 31,2%.

Fleiri viðskipti áttu sér stað með hluti í Borgun á árunum 2009-2014. Landsbankinn veit ekki til þess að fyrirvarar um greiðslur vegna samruna Visa Inc. og Visa Europe hafi verið gerðir í þeim viðskiptum, enda lágu ekki fyrir upplýsingar um þessi verðmæti.

Áður en Landsbankinn seldi hlut sinn í Borgun í nóvember 2014 var hluthafalistinn orðinn þannig:

- Íslandsbanki 62,2%.
- Landsbankinn 31,2%.
- BPS ehf. 3,6% (félag starfsmanna).
- Sparisjóður Vestmannaeyja 0,4%.
- Arion banki 0,3%.
- Sparisjóður Norðfjarðar 0,3%.
- Borgun hf. 2,0%.

4.10. Ákvörðun um söluferli

Almennt leitast Landsbankinn við að selja eignir í opnu söluferli. Á því geta þó verið undantekningar.

Þegar undirbúningur að sölnni hófst taldi Landsbankinn að í ljósi aðstæðna og upplýsinga á þeim tíma væri opið söluferli ákveðnum annmörkum háð og að í því myndi felast áhætta vegna aðgengi að upplýsingum. Það er einnig með öllu óvíst, meðal annars þegar horft er til annarra viðskipta með hluti í Borgun, að bankinn hefði fengið betra verð fyrir hlut sinn með því að hafa farið í opið söluferli. Það má líka benda á að enginn lýsti áhuga á kaupum á hlut Landsbankans í Valitor sem verið var að selja um svipað leyti, þótt það hefði verið opinbert að bankinn vildi selja.

Á fjármálafyrirtækjum hvílir rík ábyrgð gagnvart kaupendum við sölu á óskráðum hlutabréfum. Landsbankinn hafði takmarkaðan aðgang að upplýsingum um Borgun og það var mat bankans að erfitt yrði að tryggja eðlilega upplýsingagjöf og aðgengi annarra hugsanlegra tilboðsgjafa en stjórnenda að gögnum til að vinna mat á fyrirtækinu og áreiðanleikakannanir. Þá skiptir einnig miklu máli út frá meginreglum kröfuréttar, að telji kaupandi sig ekki hafa fengið nægjanlegar upplýsingar í tengslum við kaupin, getur seljandi þurft að greiða skaðabætur. Sé óvarlega farið með sölu á hlutabréfum hefur slíkt meðal annars leitt til ógildingar á skuldbindingum vegna slíkra kaupa.

Einn helsti keppinautur Landsbankans er meirihlutaeigandi félagsins og jafnframt einn stærsti viðskiptavinur þess, sem gerði Landsbankanum erfitt um vik, að vinna að sölu og afhendingu gagna um félagið. Landsbankinn hafði mjög takmarkaða aðkomu að Borgun. Aðgangur Landsbankans að upplýsingum um fyrirtækið var einnig takmarkaður vegna sáttar sem gerð var við Samkeppniseftirlitið árið 2008. Því auðveldaði þátttaka stjórnenda í kaupendahópnum mögulegum kaupendum að leggja mat á reksturinn og afla sér nauðsynlegra upplýsinga. Eðli málsins samkvæmt tóku samningar mið af þessari stöðu aðila.



Af þeim ástæðum sem að ofan greinir var það mat bankans að öll eðlileg upplýsingagjöf og aðgengi annarra hugsanlegra tilboðsgjafa að gögnum til að vinna áreiðanleikakannanir yrði verulega takmörkum háð.

Landsbankinn hefur tekið mark á gagnrýninni á sölufarlið og sagt að betra hefði verið að hafa sölufarlið opið, þrátt fyrir annmarka. Salan á Borgun var þó að öllu leyti í samræmi við lög og reglur sem gilda um starfshætti bankans. Á síðasta ári breytti Landsbankinn stefnu sinni um sölu fullnustueigna þannig að hún næði til annarra eigna en fullnustueigna. Í núgildandi stefnu kemur fram að meginreglan er að selja skuli eignir í opnu ferli, þannig að sambærileg ákvæði eiga nú við um fullnustueignir og aðrar eignir. Borgun var ekki fullnustueign. Það er því ljóst að verði bankinn aftur í sömu eða svipaðri aðstöðu mun verða farið eftir nýrri stefnu. Það voru þó ákveðnar ástæður fyrir því að Landsbankinn ákvað að efna ekki til opins sölufarlis vegna Borgunar. Landsbankinn hefur áður greint frá þeim og nánar er fjallað um hér að framan.

4.11. Ástæðan fyrir sölu á hlutum í Borgun og Valitor

Samkeppniseftirlitið taldi nauðsynlegt að eignarhaldi kortafyrirtækjanna yrði breytt þannig að aðeins einn banki væri í eigendahópi hvers fyrirtækis. Þessi afstaða Samkeppniseftirlitsins kom mjög skýrt fram í byrjun árs 2013.

Í mars 2013 kynnti Samkeppniseftirlitið Landsbankanum það frummat sitt að brot hefðu átt sér stað á samkeppnislögum að því er varðaði aðkomu Landsbankans að greiðslukortafyrirtækjum. Það var frummat eftirlitsins að í því samhengi væri sérstaklega varhugavert að eignarhald greiðslukortafyrirtækja væri sameiginlegt og að nauðsynlegt væri að beita úrræðum er lytu að skipulagi markaðar til þess að uppræta samkeppnisvandamál sem væru til staðar á greiðslukortamarkaði.

Í samskiptum Landsbankans við Samkeppniseftirlitið á árinu 2014 ítrekaði eftirlitið þessa afstöðu sína. Af hálfu Landsbankans var því ljóst að Samkeppniseftirlitið lagði mikla áherslu á að gerðar yrðu breytingar á eignarhaldi á kortafyrirtækjunum. Samkeppniseftirlitið lagði ekki fyrir bankann hvernig útfæra ætti söluskilmála eða viðskiptakjör vegna sölu bankans á hlutum sínum í kortafyrirtækjunum. Hins vegar hafði framangreind afstaða Samkeppniseftirlitsins til sameiginlegs eignarhalds veruleg áhrif á ákvörðun bankans um að selja hluti sína í fyrirtækjunum og var að mati bankans lykilatriði í lausn málsins.

Landsbankinn seldi hlut sinn í Borgun áður en endanlega var gengið frá sáttinni við Samkeppniseftirlitið. Samkeppniseftirlitið gerði einnig sáttir við Arion banka og Íslandsbanka vegna rannsóknar á greiðslukortamarkaði. Í sáttinni við Íslandsbanka frá 9. júlí 2014 kemur m.a. fram að Íslandsbanki skuli ekki eiga hlut í kortafyrirtæki ef viðkomandi fyrirtæki er jafnframt í eigu annars viðskiptabanka.

Í sáttinni segir orðrétt: „Íslandsbanka er heimilt að leita samninga við Landsbankann um að annar banki kaupi út hlut hins eða um sölu á hlut beggja eða annars hvors til þriðja aðila. Takist ekki samningar um slíkt innan [...] frá dagsetningu sáttarinnar vegna málefnalegs ágreinings um einstök atriði, þá getur Íslandsbanki boðið Landsbankanum að taka þátt í uppboðsfyrirkomulagi þar sem báðir hluthafar gera tilboð í hlut hins. Sá sem hærra býður kaupir þá hlut hins.“

Landsbankinn hefur ekki fengið upplýsingar um hver framangreind tímamörk voru.



Landsbankinn féllst á að verða við kröfu Samkeppniseftirlitsins um breytingar á eignarhaldi á kortafyrirtækjunum í því skyni að ná sátt við Samkeppniseftirlitið. Þetta gerði Landsbankinn með því að selja hluti sína í kortafyrirtækjunum.

Áður en Landsbankinn seldi hlut sinn í Borgun, bauð bankinn Íslandsbanka hlut sinn til kaups á sama verði og stjórnendahópur og fjárfestar sem tengdust þeim, höfðu boðið. Því boði hafnaði Íslandsbanki.

Staða Landsbankans í Valitor og Borgun var veik, enda var bankinn minnihlutaeigandi í báðum félögum.

Arion banki og Íslandsbanki gátu verið með háða stjórnarmenn í Valitor og Borgun en Landsbankinn aðeins með óháða stjórnarmenn. Landsbankinn hafði engin áhrif á rekstur eða stefnu þessara fyrirtækja og gat aðeins fengið takmarkaðar upplýsingar um rekstur þeirra, þrátt fyrir að vera með verulegt fé bundið í félögum. Landsbankinn hafði t.d. enga möguleika á að sjá ýmsar upplýsingar um umfang viðskipta við einstaka samstarfsaðila Borgunar. Landsbankinn taldi í ljósi stöðu sinnar að hagsmunum sínum væri best borgið með því að selja hluti sína í fyrirtækjunum.

4.12. Stefnu bankans um sölu eigna hefur verið breytt

Landsbankinn hefur breytt stefnu sinni um sölu eigna í kjölfar sölunnar á Borgun og þeirrar gagnrýni sem hefur komið fram á hana.

Landsbankinn hafði áður sett sér skýra stefnu um sölu fullnustueigna (svo sem eigna sem bankinn eignaðist í kjölfar hrunsins 2008). Samkvæmt þeirri stefnu er miðað við að allir líklegir kaupendur hafi jafna möguleika á því að gera tilboð. Leitast er við, eftir því sem kostur er, að hafa söluferlið opið, gagnsætt, þekkt og aðgengilegt. Allar fullnustueignir eru auglýstar og boðnar til sölu á almennum markaði nema slíkt brjóti gegn lögvörðum hagsmunum eða viðskiptalegir annmarkar séu þar á.

Fram til ársins 2015 hafði þessi stefna gilt um fullnustueignir. Í kjölfar gagnrýni vegna sölunnar á Borgun var ákveðið, árið 2015, að við sölu á öðrum eignum yrði, eftir því sem við á, fylgt sömu sjónarmiðum og sama verklagi og lýst er í stefnu Landsbankans um sölu fullnustueigna og viðeigandi verklagsreglum um sölu fullnustueigna, þ.e. að leitast er við, eftir því sem kostur er, að hafa söluferlið opið, gagnsætt, þekkt og aðgengilegt.

Stefna Landsbankans um sölu eigna er aðgengileg á vefsíðu bankans á meðfylgjandi vefslóð:
<https://bankinn.landsbankinn.is/um-bankann/stefna/sala-eigna/>

4.13. Athugun stjórnvalda á stefnu Landsbankans

Í febrúar 2011 skipaði þáverandi forsætisráðherra starfshóp til að yfirfara hvort nægilega væri tryggt í lögum og reglum að jafnræðis og gagnsæis væri gætt við sölu á fyrirtækjum eða hlutum í fyrirtækjum í beinni eða óbeinni eigu ríkisins. Starfshópurinn skoðaði m.a. sölumeðferð fjármálafyrirtækja, í meirihlutaeigu ríkisins, á eignarhlutum í fyrirtækjum eða félögum sem þau höfðu eignast.

Starfshópurinn skilaði skýrslu í febrúar 2012, sem er aðgengileg á vefsíðu forsætisráðuneytisins. Í skýrslunni kemur fram það mat hópsins að strangar reglur giltu um sölu fjármálafyrirtækja á eignarhlutum í fyrirtækjum. Fjármálafyrirtæki hefðu í samráði við eftirlitsaðila komið sér upp



gagnsæjum ferlum um endurskipulagningu skulda og eignasölu sem byggðust á lögum nr. 107/2009, um aðgerðir í þágu einstaklinga, heimila og fyrirtækja vegna banka- og gjaldeyrishruns. Ekki yrði annað séð en að fjármálafyrirtækin fylgdu þessum reglum. Þá hefðu viðskiptabankarnir sett sér sérstakar stefnur og reglur sem unnið væri eftir. Jafnframt hefði Samkeppniseftirlitið sett fram sjónarmið sem ættu að vera ráðandi við sölu banka á endurskipulögðum fyrirtækjum. Ljóst væri að eignarhaldi ríkisins fylgdi sérstök skylda um upplýsingagjöf og kröfur um gagnsæi og jafnræði væru sterkari í slíkum tilvikum.

Tekið var fram í skýrslu starfshópsins að stefna Landsbankans frá árinu 2011 um sölu fullnustueigna væri til fyrirmyndar hvað þetta varðaði og með virkri eftirfylgni hennar rækti bankinn skyldu sína sem fyrirtæki á samkeppnismarkaði í opinberri eigu. Starfshópurinn taldi að rétta leiðin fyrir ríkið til þess að hafa áhrif á sölu fjármálafyrirtækja í meirihlutaeigu ríkisins væri í gegnum eigandastefnu. Þótt hópurinn teldi mikilvægt að fjármálafyrirtæki í eigu ríkisins áttuðu sig á eðli opinbers eignarhalds þyrfti að gæta þess að mismuna ekki fjármálafyrirtækjum eftir eignarhaldi. Ef vilji væri til þess að setja frekari reglur um sölu fjármálafyrirtækja á eignarhlutum þeirra í fyrirtækjum mælti stafshópurinn með því að beitt yrði almennum úrræðum, t.d. lagasetningu, sem næði til allra fyrirtækja, en ekki aðeins þeirra sem ríkið á eignarhluti í.

Ekki verður séð að í kjölfar skýrslu starfshópsins hafi verið talin ástæða til að setja frekari reglur eða úrræði af hálfu stjórnvalda eða löggjafans um sölu fjármálafyrirtækja á eignarhlutum þeirra í fyrirtækjum. Landsbankinn uppfærði stefnu sína um sölu fullnustueigna í nóvember 2013.

Í kjölfar þeirrar gagnrýni sem kom fram á sölu Borgunar breytti Landsbankinn stefnunni og hún gildir nú bæði um sölu fullnustueigna og annarra eigna.

Skýrsla starfshópsins er aðgengileg á meðfylgjandi vefslóð:

<https://www.forsaetisraduneyti.is/media/utgefidefni/skyrsla-sala-a-eignarhluta-rikis.pdf>

4.14. Upplýsingagjöf til FME

Landsbankinn sendi Fjármálaeftirlitinu upplýsingar um söluna í desember 2014. Engar athugasemdir eða viðbrögð komu frá FME vegna málsins.

Í byrjun desember 2014 komu stjórnendur Landsbankans fyrir efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis og gerðu grein fyrir sölunni og svöruðu spurningum, að ósk nefndarinnar.

4.15. Kaupendur að 31,2% hlut Landsbankans í Borgun

Tilboð sem Landsbankanum barst í hlut sinn í Borgun var gert í nafni óstofnaðs félags en að því stóð hópur fjárfesta og stjórnenda félagsins. Þegar tilboðið var gert í júlí 2014 lágu ekki fyrir endanlegar upplýsingar um hverjir væru í fjárfestahópnum. Landsbankinn hafði enga aðkomu að því hvernig fjárfestahópurinn var samsettur en eðlilega var fyrirvari í samningunum um að fjárfestahópurinn teldist hæfur til að eiga eignarhlutinn samkvæmt mati Fjármálaeftirlitsins. Fjárfestahópurinn tók á sig endanlega mynd við lokagerð samninga, en samningum lauk í nóvember 2014.

Landsbankinn seldi hlut sinn í Borgun annars vegar til Eignarhaldsfélagsins Borgunar, en að því félagi stóð fjárfestahópurinn, og hins vegar til félagsins BPS ehf. en að því félagi stóðu stjórnendur félagsins.



Landsbankinn hefur fengið heimild til að upplýsa að bankinn lánaði ekki fyrir kaupum þeirra á hlutunum í Borgun.

4.16. Sala á 0,41% hlut í Borgun á árinu 2015

Landsbankinn eignaðist 0,41% hlut í Borgun við sameiningu Sparisjóðs Vestmannaeyja og Landsbankans í mars 2015. Landsbankinn bauð hlutinn til sölu í opnu sölufurli. Þrjú tilboð bárust í 0,41% eignarhlutinn og var hann seldur hæstbjóðanda, Fasteignafélaginu Auðbrekku 17 ehf. Söluverðið var sambærilegt og í fyrri viðskiptunum með hliðsjón af þróun hlutabréfaverðs yfir þann stutta tíma sem leið milli viðskiptanna.

Samkvæmt sátt Landsbankans við Samkeppniseftirlitið frá því í desember 2014 var bankanum óheimilt að eiga eignarhlut í fyrirtæki sem hefur með höndum færsluhirðingu, útgáfu greiðslukorta eða vinnsluþjónustu vegna útgáfu greiðslukorta ef viðkomandi fyrirtæki er jafnframt í eigu íslensks viðskiptabanka eða félags undir yfirráðum hans. Landsbankinn á í dag engin hlutabréf í Borgun.

4.17. Kaupandi að 38% hlut í Valitor

Arion banki keypti allan 38% hlutinn. Fyrir kaupin var Arion banki meirihlutaeigandi félagsins og Valitor þannig dótturfélag Arion banka. Eftir kaupin átti Arion banki svo til öll hlutabréf í Valitor ef frá eru taldir nokkrir litlir hlutir í eigu t.d. sparisjóða.



5. Tímalína í viðskiptum með Borgun og Valitor

5.1. Borgun - sala á 31,2% hlut

Dagsetning	Atburður	Tilvísun
29. nóvember 2012	Bankaráðsfundur. Fjallað um stefnu í kortamálum.	Úr fundargerð
7. mars 2013	Bankaráðsfundur. Ákveðið að semja við einn aðila til að annast debet- og kreditkortþjónustu fyrir bankann. Fjallað um valrétt Visa Inc. og Visa Europe.	Úr fundargerð
8. mars 2013	Samkeppniseftirlitið birtir Landsbankanum andmælaskjal sitt vegna rannsóknar á ætluðum brotum á samkeppnislögum þar sem fram kemur m.a. það frummat að sérstaklega varhugavert væri að eignarhald greiðslukortafyrirtækja væri sameiginlegt.	Andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins.
18. júní 2013	Bankaráðsfundur. Fjallað um eignarhald í Valitor og Borgun.	Úr fundargerð
8. október 2013	Bankaráðsfundur. Fjallað um eignarhald í Valitor og Borgun og afstöðu Samkeppniseftirlitsins. Bankaráð veitir bankastjóra heimild til að vinna að sölu á hlutum bankans í báðum kortafyrirtækjunum, með fyrirvara um endanlegt samþykki bankaráðs.	Úr fundargerð
21. nóvember 2013	Bankaráðsfundur. Fjallað um kortamál og fundi með Samkeppniseftirlitinu um kortamál.	Úr fundargerð
12. desember 2013	Bankaráðsfundur. Fjallað um viðræður við Samkeppniseftirlitið varðandi andmælaskjal frá 8. mars 2013 og aðgerðir til að ná fram breytingum á kortamarkaði.	Úr fundargerð
15. janúar 2014	Bankaráðsfundur. Rætt um endurhögun kortamála og fundi með Samkeppniseftirlitinu um kortamál.	Úr fundargerð
13. mars 2014	Fjárfestahópurinn gerir tilboð í alla hluti Landsbankans í Borgun og sams konar tilboð í alla hluti Íslandsbanka.	Tilboð.
31. mars 2014	Bankaráðsfundur. Rætt um sölu á eignarhlutum í kortafyrirtækjum.	Úr fundargerð
11. apríl 2014	Fundur með Íslandsbanka og fulltrúum fjárfestahópsins. Íslandsbanki vill tíma til að fara með tilboðið fyrir bankaráð.	Tölvupóstur
28. apríl 2014	Bankaráðsfundur. Fjallað um viðræður við Samkeppniseftirlitið um kortamál og tilboð í eignarhluti Landsbankans og Íslandsbanka í Borgun.	Úr fundargerð
27. júní 2014	Íslandsbanki kemst að þeirri niðurstöðu að selja ekki eignarhlut sinn í Borgun. Stuttu síðar liggur sú niðurstaða Íslandsbanka fyrir að kaupa ekki hlut Landsbankans í Borgun.	Tölvupóstur



30. júní 2014	Bankaráðsfundur. Rætt um sölu á hlut í Borgun og forsendur hugsanlegrar sáttar við Samkeppniseftirlitið svo og viðræður um sölu eignarhlutar í Valitor.	Úr fundargerð
3. júlí 2014	Fjárfestahópurinn gerir tilboð í hlut Landsbankans eingöngu, með viðamiklum fyrirvörum. Tilboðsfjárhæðin er 2.184 m.kr. í 31,2% hlut. Eignarhluturinn var bókaður á 1.159 m.kr. í uppgjöri bankans 30. júní 2014.	Tölvupóstur.
23. júlí 2014	Viljayfirlýsing milli Landsbankans og fjárfestahópsins um samningaviðræður. Talið líklegt að við nánari skoðun tilboðsgjafa á félaginu muni tilboðsverðið lækka og því óskað eftir aðgangi að félaginu og kynningu á fjárhagsstöðu þess og framtíðaráformum í því skyni að fá niðurstöðu í tilboðsverðið.	Tölvupóstur
21. ágúst 2014	Bankaráðsfundur. Rætt um breytingar á skipulagi kortamála og forsendur sáttar við Samkeppniseftirlitið vegna kortamála. Rætt um mögulega hlutdeild bankans í valrétti Visa Europe vegna sölu á hlutabréfum í Valitor. Rætt um sölu á hlutum í kortafyrirtækjunum og fyrirvara um endanlegt samþykki bankaráðs.	Úr fundargerð
22. október 2014	Bankaráðsfundur. Bankastjóri kynnir stöðu viðræðna við Arion banka um sölu á hlut bankans í Valitor og fyrirhugaða sölu á hlut bankans í Borgun. Bankaráð gerir engar athugasemdir við að haldið sé áfram með söluna.	Úr fundargerð
24. október 2014	Fjárfestahópurinn skilar kauptilboði þar sem kaupverð er staðfest að lokinni fjárhagslegri könnun. Lögð fram gögn sem sýna að hópurinn hafi fjárhagslega getu til að klára kaupin. Tilboðið er með fyrirvara um lagalega og tæknilega áreiðanleikakönnun.	Tölvupóstur 24. október og 27. október.
27. október 2014	Landsbankinn samþykkir kauptilboðið með fyrirvara um samþykki bankaráðs.	Tölvupóstur 24. október og 27. október.
6. nóvember 2014	Bankaráðsfundur. Bankaráð samþykkir kauptilboð í hluti Landsbankans í Borgun sem stjórnendur höfðu samþykkt fyrir hönd bankans 27. október 2014 með fyrirvara um samþykki bankaráðs. Fjallað um afstöðu Samkeppniseftirlitsins að einungis eitt fjármálafyrirtæki megi eiga kortafyrirtæki. Gerð grein fyrir undirbúningi að sölu á hlutabréfum í Valitor og samningum þar að lútandi vegna valréttar milli Visa Europe og Visa Inc.	Úr fundargerð
25. nóvember 2014	Samningur kemst á og salan gerð opinber með fréttatilkynningu. Seldur er 31,2% hlutur á 2.184 m.kr. Fyrirvari er um samþykki eftirlitsaðila. Sundurliðun á fjölda hluta og kaupverði: <ul style="list-style-type: none">- Gengi á hlut var 15,55 krónur.- Eignarhaldsfélagið Borgun slf. kaupir 25% hlut á 1.751 m.kr.- BPS ehf. (félag starfsmanna) kaupir 6,2% hlut á 433 m.kr.- Samtals 31,2% á 2.184 m.kr.	Fréttatilkynning Landsbankans: Landsbankinn selur eignarhlut sinn í Borgun hf.



1. desember 2014	Upplýst að kaupin voru ekki tilkynningarskyld til Samkeppniseftirlitsins enda mynduðust engin yferráð í skilningi reglna samkeppnisréttar við viðskiptin. Samkeppniseftirlitið var engu að síður upplýst og svaraði með bréfi 1. desember 2014 og gerði ekki athugasemdir.	Bréf Samkeppniseftirlitsins 1. desember 2014
3. desember 2014	Landsbankanum berst erindi frá Fjármálaeftirlitinu þar sem óskað var upplýsinga í tengslum við sölu á hlut Landsbankans í Borgun.	Erindi Fjármálaeftirlitsins.
8. desember 2014	Fulltrúar Landsbankans fara á fund efnahags- og viðskiptanefndar.	Vefur Alþingis
9. desember 2014	Landsbankinn svarar fyrirspurn Fjármálaeftirlitsins frá 3. desember 2014.	Bréf til Fjármálaeftirlitsins
22. desember 2014	Fjármálaeftirlitið veitir Eignarhaldsfélaginu Borgun heimild til að fara með virkan eignarhlut í Borgun.	Bréf frá Fjármálaeftirlitsins
30. desember 2014	Afhending og greiðsla.	Afsal og greiðslukvittanir

5.2. Borgun - sala á 0,41% hlut

Dagsetning	Atburður	Tilvísun
29. mars 2015	Fjármálaeftirlitið tekur ákvörðun um samruna Landsbankans og Sparisjóðs Vestmannaeyja ses. Landsbankinn eignast þar með 1.806.611 hluti í Borgun. Eignarhluturinn nemur 0,41% heildarhlutafjár í Borgun.	Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 29.mars 2015
17. apríl 2015	Landsbankinn auglýsir hlutinn í Borgun til sölu.	Fréttatilkynning Landsbankans: Landsbankinn býður 0,41% hlut í Borgun hf. til sölu
4. maí 2015	Tilboðsfrestur rennur út. Þrjú tilboð höfðu borist. Hæsta tilboði tekið frá Fasteignafélaginu Auðbrekku 17 ehf. Söluverð hlutarins er 30 milljónir króna, staðgreitt. Söluverðið var sambærilegt og í fyrri viðskiptunum með hliðsjón af þróun hlutabréfaverðs yfir þann stutta tíma sem leið milli viðskiptanna.	
29. maí 2015	Afhending og greiðsla.	Fréttatilkynning Landsbankans. Sölu á 0,41% hlut í Borgun lokið



5.3. Borgun/Valitor – umfjöllun í fjölmiðlum í janúar 2016

Dagsetning	Atburður	Tilvísun
20. janúar 2016	Morgunblaðið greinir frá því að samkvæmt heimildum blaðsins „...gæti salan [á Visa Europe] fært fyrirtækjunum [Valitor og Borgun] vel á annan tug milljarða króna.“	Forsíða Morgunblaðsins 20. janúar 2016.
25. janúar 2016	Á fréttavef Kjarnans birtist grein þar sem greint er frá því að upplýsingar hafi fengist staðfestar frá Borgun um að „Landsbankinn hefði fengið milli sex og átta prósent af hlutdeild Borgunar í söluandvirði Visa Europe ef fyrirvari hefði verið um greiðslur vegna kaupa Visa Inc. á Visa Europe áður en bankinn seldi hlut sinn í Borgun“. Jafnframt er greint frá því að ekki liggi nákvæmlega ljóst fyrir hversu mikið muni falla Borgun í skaut, enda séu viðskiptin ekki frágengin.	Kjarninn – vefsíða: „Landsbankinn hefði fengið sex til átta prósent af hlut Borgunar.“

5.4. Valitor Holding – sala á 38% hlut

Dagsetning	Atburður	Tilvísun
29. nóvember 2012	Bankaráðsfundur. Fjallað um stefnu í kortamálum.	Úr fundargerð
7. mars 2013	Bankaráðsfundur. Ákveðið að semja við einn aðila til að annast debet- og kreditkortþjónustu fyrir bankann. Fjallað um valrétt Visa Inc. og Visa Europe.	Úr fundargerð
8. mars 2013	Samkeppniseftirlitið birtir Landsbankanum andmælaskjal sitt vegna rannsóknar á ætluðum brotum á samkeppnislögum þar sem fram kemur m.a. það frummat að sérstaklega varhugavert væri að eignarhald greiðslukortafyrirtækja væri sameiginlegt.	Andmælaskjal Samkeppniseftirlitsins.
18. júní 2013	Bankaráðsfundur. Fjallað um eignarhald í Valitor og Borgun.	Úr fundargerð
8. október 2013	Bankaráðsfundur. Fjallað um eignarhald í Valitor og Borgun og afstöðu Samkeppniseftirlitsins. Bankaráð veitir bankastjóra heimild til að vinna að sölu á hlutum bankans í báðum kortafyrirtækjunum, með fyrirvara um endanlegt samþykki bankaráðs.	Úr fundargerð
21. nóvember 2013	Bankaráðsfundur. Fjallað um kortamál og fundi með Samkeppniseftirlitinu um kortamál.	Úr fundargerð
12. desember 2013	Bankaráðsfundur. Fjallað um viðræður við Samkeppniseftirlitið varðandi andmælaskjal frá 8. mars 2013 og aðgerðir til að ná fram breytingum á kortamarkaði.	Úr fundargerð
15. janúar 2014	Bankaráðsfundur. Rætt um endurhögun kortamála og fundi með Samkeppniseftirlitinu um kortamál.	Úr fundargerð
31. mars 2014	Bankaráðsfundur. Rætt um sölu á eignarhlutum í kortafyrirtækjum.	Úr fundargerð



28. apríl 2014	Bankaráðsfundur. Fjallað um viðræður við Samkeppniseftirlitið um kortamál og tilboð í eignarhluti Landsbankans og Íslandsbanka í Borgun.	Úr fundargerð
6. maí 2014	Stjórnendur Valitor kynna starfsemi fyrirtækisins og rekstraráætlanir fyrir Landsbankanum og Arion banka vegna verðmatsvinnu, á grundvelli trúnaðaryfirlýsingar.	
30. júní 2014	Bankaráðsfundur. Rætt um sölu á hlut í Borgun og sátt við Samkeppniseftirlitið svo og viðræður um sölu eignarhlutar í Valitor.	Úr fundargerð
10. júlí 2014	Tilboð frá Arion banka í 38% hlut Landsbankans í Valitor, með margvíslegum forsendum og skilyrðum.	Bréf frá Arion banka
21. ágúst 2014	Bankaráðsfundur. Rætt um breytingar á skipulagi kortamála og hugsanlega sátt við Samkeppniseftirlitið vegna kortamála. Rætt um mögulega hlutdeild bankans í valrétti Visa Europe vegna sölu á hlutabréfum í Valitor. Rætt um sölu á hlutum í kortafyrirtækjunum og fyrirvara um endanlegt samþykki bankaráðs.	Úr fundargerð
30. september 2014	Viðræður hefjast um verð.	Bréf til Arion banka og frá Arion banka á tímabilinu.
15. október 2014	Niðurstaða næst um verð og helstu skilmála viðskiptanna.	Bréf til Arion banka og frá Arion banka á tímabilinu.
22. október 2014	Bankaráðsfundur. Bankastjóri kynnir stöðu viðræðna við Arion banka um sölu á hlut bankans í Valitor og fyrirhugaða sölu á hlut bankans í Borgun. Bankaráð gerir engar athugasemdir við að haldið sé áfram með söluna.	Úr fundargerð
6. nóvember 2014	Bankaráðsfundur. Bankaráð samþykkir kauptilboð í hluti Landsbankans í Borgun sem stjórnendur samþykktu fyrir hönd bankans 27. október 2014 með fyrirvara um samþykki bankaráðs. Fram kemur að Samkeppniseftirlitið hafi beint því til bankans að einungis eitt fjármálafyrirtæki megi eiga kortafyrirtæki. Gerð grein fyrir undirbúningi að sölu á hlutabréfum í Valitor og samningum því tengt vegna valréttar milli Visa Europe og Visa Inc.	Úr fundargerð
15. október 2014 til 15. desember 2014	Samningagerð í tengslum við valréttinn. Samningagerð reynist vera flókin. Til þess að fá heildarmynd af málinu aflu kaupandi og seljandi sameiginlega upplýsinga frá Valitor og Visa Europe og heyra þeirra sjónarmið.	
15. desember 2014	Samningagerð lýkur með undirritun kaupsamnings, með fyrirvara um samþykki bankaráðs Landsbankans.	Undirritaður kaupsamningur



17. desember 2014	Bankaráðsfundur. Bankaráð samþykkir sölu á hlutafé Landsbankans í Valitor Holding hf. til Arion banka, á grundvelli kaupsamningsins frá 15. desember 2014.	Úr fundargerð
18. desember 2014	Afhending og greiðsla. Greiðsla kaupverðs felst í 3,6 ma.kr. greiðslu peninga og samkomulagi um viðbótargreiðslu kaupverðs vegna valréttar. Miðað við 3,6 ma.kr. greiðsluna eingöngu var allt hlutafé í Valitor verðmetið á um 9,5 ma.kr. eða 23,68 krónur á hlut. Viðbótargreiðsla vegna valréttarins er til viðbótar við þessa greiðslu.	Fréttatilkynning Landsbankans.
18. desember 2014	Samkeppniseftirlitið tilkynnir um sáttir við Arion banka, Íslandsbanka, Landsbankann, Borgun og Valitor og viðamiklar breytingar á kortamarkaði.	Fréttatilkynning Samkeppniseftirlitsins.

5.5. Valitor Holding - sala á 0,62% hlut

Dagsetning	Atburður	Tilvísun
29. mars 2015	Fjármálaeftirlitið tekur ákvörðun um samruna Landsbankans og Sparisjóðs Vestmannaeyja ses. Landsbankinn eignast þar með 2.476.330 hluti í Valitor Holding hf. Eignarhluturinn nemur 0,62% heildarhlutafjár í Valitor.	Ákvörðun Fjármálaeftirlitsins 29.mars 2015
27. apríl 2015	Hlutur Landsbankans í Valitor seldur til Arion banka. Söluverð er peningagreiðsla að fjárhæð 58 m.kr. og viðbótargreiðsla (0,62%) á grundvelli fyrra samkomulags bankanna. Afhending og greiðsla fer fram samtímis.	Kaupsamningur.